

Starfsreglur Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Hlutverk.

1.1. Hlutverk Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands er að fjalla faglega um umsóknir um styrki í Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands og um umsóknir um styrki í Vísindasjóð Norræna krabbameinssambandsins, NCU. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands getur auk þess óskað umsagnar ráðsins um vísindaleg málefni.

1.2. Vísindaráðið fylgist eftir föngum með framgangi verkefna.

1.3. Vísindaráð Krabbameinsfélagsins starfar í samræmi við skipulagsskrá VKÍ og úthlutunarreglur VKÍ

2. gr. Skipan og starfstilhögun.

2.1. Í Vísindaráði Krabbameinsfélags Íslands sitja níu menn. Ár hvert skipar stjórn Krabbameinsfélags Íslands þrjá menn í ráðið til þriggja ára. Stjórnin skipar einnig menn í stað þeirra sem hverfa úr ráðinu áður en kjörtímabilið rennur út og sitja hinir nýju menn til loka hins reglulega kjörtímabils. Stjórnin skipar formann og varaformann ráðsins til eins árs í senn.

2.2. Starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands og kjörnir fulltrúar hafa ekki rétt til setu í ráðinu.

2.3. Meðlimir ráðsins mega ekki taka þátt í meðferð einstakrar umsóknar ef þeir eiga hlutdeild í verkefni og ef ákvörðun um hana skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Um hæfi ráðsmanna til meðferðar einstakra umsókna fer samkvæmt stjórnarsýslulögum. Ráðsmenn skulu gæta að hæfi sínu og upplýsa ráðið séu þeir í vafa um hæfi sitt. Jafnframt skulu ráðsmenn hafa til hliðsjónar reglur Rannís um hæfi til ákvörðunartöku vegna styrkveitinga á hverjum tíma eftir því sem við getur átt. Verði ágreiningur um hæfi ráðsmanns til meðferðar máls sker ráðið úr með atkvæðagreiðslu en viðkomandi ráðsmaður skal þá ekki greiða atkvæði.

2.4. Meðlimir ráðsins hljóta ekki laun fyrir störf í ráðinu.

2.5. Vísindaráð heldur fundi eftir þörfum eða ef þrír eða fleiri meðlimir ráðsins óska þess.

2.6. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands ræður ráðinu ritara sem er tengiliður félagsins við ráðið. Ritari boðar fundi, skráir fundargerðir (þar sem m.a. kemur fram ef ráðsmaður víkur vegna vanhæfis), aflar ráðinu upplýsinga og annast önnur störf í þágu ráðsins.

2.7. Öllum ráðsmönnum ber að kynna sér þær umsóknir sem berast. Formaður getur falið einum ráðsmanni eða fleirum að kynna sér einhverja umsókn sérstaklega, meta gildi umsóknarinnar og leita umsagnar sérfróðra aðila utan ráðsins. Öðrum ráðsmönnum skal gerð grein fyrir niðurstöðum slíkra athugana.

3. gr. Annað.

3.1. Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur staðfest þær